

Lífríki bls. 8.

„Votlendi er einkum að finna á Skarðsströnd, við Hvammsfjörð og í dölum upp frá honum.“

Orðaflaumurinn gerir það að verkum að það þarf nokkra umhugsun til að meðtaka að undir þessa skilgreiningu á svæði fellur allt sveitarfélagið nema Saurbær. Ekki er meginmunur á óröskuðu votlendi í Saurbæ og Skarðsströnd samkvæmt korti Náttúrufræðistofnunar (<https://serstokvernd.ni.is/>).

Farið er almennum orðum um fuglalíf í eyjum og strandlengju, en ekki minnst á fuglalíf inn til dala og upp til fjalla. Haförn og þórshani er taldir til fuglategunda á válista sem eru óvenjulega algengar á Breiðafirði. Á þennan lista mætti bæta við hvítmáf og teistu sem eru á sama válista. Ekki er minnst á mikilvægt fuglaverndarsvæði í Laxárdal (<https://www.ni.is/greinar/ve-laxardalsheidi>).

Náttúruverndarsvæði, bls. 9

Ekki er minnst hér á áður nefnt fuglaverndarsvæði í Laxárdal sem þó eru 541,6 km².

Auðlindir, bls. 16.

„Gerð verði úttekt á mögulegum vindorkusvæðum með tilliti til byggðar, ásýndar og hljóðvistar og hvort slík vinnsla sé möguleg innan sveitarfélagsins.“

Hér er hvergi minnst á að taka tillit til verndar vatns, náttúru- eða menningarminja í samhengi við nýtingu vindorku.

Umhverfi er ein af þremur stoðum sjálfbærrar þróunar og er hún eitt af markmiðum skipulagslaga og leiðarljós landsskipulagsstefnu.

Valdís Einarsdóttir